

Nd.

197. Nefndarálit

um frv. til laga um matsstjóra.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir einróma samþykkt að leggja það til, að frv. nái fram að ganga. Hún telur, að með því sé fengin meiri trygging fyrir vönduðu fiskimati og fyrir betra samræmi i matinu en nú er.

Rétt er að taka það fram í þessu sambandi, að nefndin telur, að mjög þurfi að vanda til um val á þeim manni, er þetta starf verður falið.

Til þess að enginn vafi geti á því leikið, að fiskimatsmenn og yfirfiskimatsmenn eigi að hlýða þeim reglum um fiskimatið og annað, er því við kemur, þykir nefndinni hlýða að setja skýrt ákvæði um það í frv.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. 4. málsg. Á eftir 2. másl. komi: Skylt er öllum fiskimatsmönnum og yfirfiskimatsmönnum að hlýða fyrirskipunum matsstjóra að því er starf þeirra snertir.

Alþingi, 24. okt. 1934.

Finnur Jónsson,
form.

Jóhann Þ. Jósefsson,
frsm.

Bergur Jónsson,
fundaskr.

Páll Þorbjörnsson.

Sigurður Kristjánsson.